

*Jólaferðun
2012
og jólagjöfin í ár*





RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR

Jólaverslun 2012

Horfur í jólaverslun og „Jólagjöfin í ár“

Skýrsluna unnu:

Emil B. Karlsson og Pálmar Þorsteinsson

Rannsóknasetri verzlunarinnar við Háskólann á Bifröst

Hönnun kápu:

Auglýsingastofan Einn tveir og þrír

Nóvember 2012

Þeir sem nota efni úr skýrslunni eru góðfúslega
beðnir um að geta heimilda.

13. mánuðinn í jólagjöf

Þegar Rannsóknasetur verslunarinnar leitaði eftir hugmyndum að jólagjöfum fyrir þessi jól komu ítrekað fram óskir um að fá „prettánda mánuðinn“. Gamla aukamánuðinn sem algengt var að fyrirtæki greiddu starfsmönnum sínum þegar allt lék í lyndi í efnahagslífinu og smjör draup af hverju strái. Ekki er að efa að þessi búbot í lok ársins er eitt af því sem margir sakna frá því fyrir hrún.

Eflaust naut verslun einnig góðs af greiðslu þrettánda mánaðarins með aukinni jólaverslun. Þó ekki sé að vænta þrettánda mánaðarins eða mikils jólabónuss frá vinnuveitendum fyrir þessi jól gerir Rannsóknasetur verslunarinnar ráð fyrir aukinni jólaverslun frá síðasta ári. Það mat byggir aðallega á þróun verslunar sem af er þessu ári sem hefur aukist frá síðasta ári. Þá hefur kaupmáttur aukist og væntingar neytenda vaxið.

Rannsóknasetur verslunarinnar áætla að velta í verslun aukist um 7% í krónum talið en vegna verðhækkana verði þessi aukning um 2,5% að raunvirði. Í þessu felst að hver landsmaður verji að jafnaði rúmlega 43.000 króna vegna árstímans.

Frekar gæði en magn

Forsendur eru til að ætla að jólaverslun verði í heildina meiri en fyrir síðustu jól. Útlitið er til dæmis jákvætt fyrir verslun sem selur raftæki, tölvu- og farsímabúnað. Þá nýtur afþreying og menningartengd þjónusta aukinna vinsælda. Hins vegar er enn hægur vöxtur í varanlegum fjárfestingavörum eins og húsgögnum og dýrari húsbúnaði. En sjálfsagt er á mörgum heimilum orðin uppsöfnuð þörf fyrir endurnýjun á slíkum hlutum.

Það er mat Rannsóknasetursins að neytendur hafi orðið hagsýnni í innkaupum og um leið kröfuharðir á að kaupa gæði og vandaðar vörur. Þannig velji fólk frekar gæði en magn fyrir þessi jól.

Emil B. Karlsson

*Forstöðumaður Rannsóknaseturs verslunarinnar
Háskólanum á Bifröst*


Velta í jólaverslun eykst milli ára

Eftir þriggja ára samfelldan samdrátt í jólaverslun í kjölfar efnahagshrunsins mátti á síðasta ári í fyrsta skiptið greina aukningu milli ára. Þó aukningin hafi verið hófleg eða um 2,5% að raunvirði eru það engu að síður góð tíðindi fyrir bæði kaupmenn og neytendur þar sem líta má á aukningu í jólaverslun sem merki um að kjör séu tekin að batna.

Þróun í veltu verslunar hefur verið mismikil eftir tegundum allt frá hruni efnahagslífsins. Dagvöruverslun hefur orðið fyrir minnstum áhrifum enda ónæmari fyrir kaupmáttarbreytingum heldur en sérværslanir. Nokkur munur er þó á því hvernig sérværslunum hefur reitt af. Þannig hefur sala á raftækjum aukist jafnt og þétt og er nú sambærileg við söluna fyrir hrun. Hins vegar hefur fataverslun ekki náð sér á strik og sala húsgagnaverslana hefur ekki breyst mikið eftir kröftugan samdrátt sem átti sér stað seinni hluta 2008.

Rannsóknasetur verslunarinnar áætlar að jólaverslun aukist um 7% frá síðasta ári. Ef leiðrétt er fyrir verðhækkunum á tímabilinu nemur aukningin 2,5% að magni til.

Þegar á heildina er litið hefur velta í smásöluverslun aukist á árinu og á föstu verðlagi var hún rétt rúmum 3% meiri fyrstu sex mánuði ársins en á sama tímabili í fyrra. Fyrstu níu mánuði ársins hefur innlend kortavelta verið tæpum 7% meiri en á sama tíma í fyrra og er það meiri aukning en varð árið 2011. Kaupmáttur hefur að sama skapi farið vaxandi og í september hafði hann aukist um tæp 1,4% frá sama mánuði fyrra árs. Þar að auki hefur verðbólga farið stöðugt lækkandi á árinu og væntingavísitala Gallup náði í september sínu hæsta gildi frá hruni. Þrátt fyrir að gengi krónunnar hafi veikst nokkuð frá áramótum má því segja að umhverfi verslunar hafi að einhverju leyti farið batnandi á árinu.



Mynd 1: Að raunvirði vex velta álíka mikið og árið áður.

Heimild: Hagstofa Íslands (velta samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri). Spá fyrir 2012 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar.

Það er spá Rannsóknaseturs verslunarinnar að velta jólaverslunar aukist að raunvirði um 2,5% frá fyrra ári og á nafnvirði aukist hún um 7,0%. Meginforsendur spár Rannsóknaseturs verslunarinnar er veltuþróun smásöluverslunar það sem af er árinu.

Hver Íslendingur ver að jafnaði 43.300 kr. til jólainnkaupa


Spá Rannsóknaseturs verslunarinnar er sú að velta í smásöluverslun í nóvember og desember verði um 78 milljarðar króna eða um 67 milljarðar kr. án virðisaukaskatts og aukist þannig á breytilegu verðlagi um 7% milli ára. Þetta jafngildir því að verslun þessa tvo mánuði verði um 43.300 krónum meiri á mann umfram meðaltal annarra mánaða ársins eða 173.200 krónum fyrir fjögurra manna fjölskyldu.

Ætla má að verslun vegna jóla (velta umfram meðaltal annarra mánaða ársins) verði tæplega 14 milljarðar kr. fyrir þessi jól. Þannig má ætla að hver Íslendingur verji að meðaltali 43.300 kr. til innkaupa sem rekja má til árstímans.

Á mynd 2 má sjá hvernig velta smásöluverslana í nóvember og desember jókst árið 2011 um 4,2 milljarða eða 7,28% frá sama tímabili árið áður. Í ár er sú aukning áætluð 4,3 milljarðar eða tæp 7%. Áætlað er að verðbólga í desember verði 4,4% og nafnaukning veltu því 2,5% sem er álíka aukning og varð í fyrra.

		Dagvörur	Sérvörur	Samtals
Heildarvelta nóv. og des.	<i>m.kr.</i>	33.655	44.141	77.795
- á mann	<i>kr.</i>	104.490	137.046	241.536
Þar af verslun vegna jóla	<i>m.kr.</i>	6.013	7.910	13.941
- á mann	<i>Kr.</i>	18.724	24.558	43.283

Tafla 1: Spá Rannsóknaseturs verslunarinnar um veltu í smásöluverslun í nóvember og desember 2012 með vsk.



Mynd 2: Því er spáð að velta í smásöluverslun síðustu tvo mánuði ársins 2012 verði rúmlega fjórum milljörðum meiri en á sama tímabili árið áður

Heimild: Hagstofa Íslands (velta samkvæmt virðisaukaskattsuppgjöri). Spá fyrir 2012 er gerð af Rannsóknasetri verslunarinnar.

Jólagjöfin í ár

Þó jólapakkinn í ár verði harður að utan getur innihaldið verið bæði mjúkt eða hart allt eftir smekk hvers og eins. Þó hvorki sé hægt að klæðast jólagjöfinni eða borða hana mun hún bæði ylja og næra þá sem gjöfina fær. Það er mat sérskipaðrar valnefndar að „Jólagjöfin í ár“ sé þessi:

Jólagjöfin í ár er: „Íslensk tónlist“

Það er mat valnefndarinnar að gróska í íslenskri tónlist hafi aldrei verið meiri en nú og því muni algengasti jólapakkinn í ár innihalda íslenska tónlist. Tónlistaráhugi sem áður beindist að erlendum flytjendum færist í æ meira mæli til íslenskra hljómsveita sem hvarvetna hljóta mikið lof. Margar efnilegar hljómsveitir og tónlistaflytjendur hafa slegið í gegn á undanförunum árum sem hefur breikkað tónlistarsmekk landsmanna. Íslenskt tónlistafólk hefur að undanförunu náð þeim árangri að skipa sér ofarlega á helstu vinsældalista bæði í Bandaríkjunum og í Evrópu. Þessar miklu vinsældir sem íslensk tónlist hefur hlotið á alþjóðavettvangi hafa enn frekar aukið vinsældir hennar hér heima. Þessi árangur hefur sprottið úr þeirri grósku og gerjun sem hér er í tónlistarlífi og Íslendingar eru stoltir af.

Jólagjöfina í ár er hægt að gefa á ýmsu formi, á geisladisk, á rafrænu formi auk þess sem vinsældir víníplátna hafa einnig verið endurvaktar og tónlist er nú ósjaldan gefin út á því gamla og góða formi.



Jólagjöfin í ár er íslensk tónlist

Þær forsendur sem hafðar voru að leiðarljósi við val á jólagjöfinni í ár voru sem fyrr:

- Vara sem er vinsæl meðal neytenda
- Ný vara eða hefur vakið endurnýjaðan áhuga
- Vara sem selst vel
- Vara sem fellur vel að tíðarandanum

Valnefndin:



Jólagjafavalnefnd 2012 (frá vinstri á mynd):

- Gunnar Lárus Hjálmarsson (Dr. Gunni), tónlistarmaður m.m.
- Halla Helgadóttir, framkvæmdastjóri Hönnunarmiðstöðvar Íslands
- Sævar Kristinsson, framkvæmdastjóri Netspors ehf.
- Hermann Guðmundsson, fyrrum forstjóri N1
- Fríður Birna Stefánsdóttir, stjórnarmaður í VR og starfsmaður CCP

Valnefndin hafði úr að velja fjölda hugmynda sem bárust nefndinni. Aðallega var leitað eftir hugmyndum hjá nemendum og starfsfólki Háskólans á Bifröst og á stórum vinnustöðum. Öllum þeim sem sendu hugmyndir eru þakkaðar góðar undirtektir.

Jólagjafir fyrri ára

2006: Ávaxta- og grænmetispressa

2007: GPS staðsetningatæki

2008: Íslensk hönnun

2009: Jákvæð upplifun

2010: Íslensk lopapeysa

2011: Spjaldtölva

2012: Íslensk tónlist

Helstu niðurstöður

- Áætlað er að jólaverslunin aukist um 7% frá síðasta ári. Leiðrétt fyrir verðhækkunum má ætla að hækkunin nemi um 2,5% að raunvirði.
- Áætlað er að heildarvelta í smásöluverslun í nóvember og desember verði tæplega 67 milljarðar króna án virðisaukaskatts.
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali um 43.000 kr til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er „**Íslensk tónlist**“

Helstu niðurstöður

- Áætlað er að jólaverslunin aukist um 7% frá síðasta ári. Leiðrétt fyrir verðhækkunum má ætla að hækkunin nemi um 2,5% að raunvirði.
- Áætlað er að heildarvelta í smásöluverslun í nóvember og desember verði tæplega 67 milljarðar króna án virðisaukaskatts.
- Ætla má að hver Íslendingur verji að meðaltali um 43.000 kr til innkaupa sem rekja má til jólahaldsins.
- Jólagjöfin í ár er „Íslensk tónlist“

Hlutverk Rannsóknaseturs verslunarinnar er að stunda hagnýtar rannsóknir sem nýtast fyrirtækjum í verslun á Íslandi og safna og koma á framfæri tölfræðilegum upplýsingum um stöðu og þróun verslunar. Rannsóknasetrið vinnur einnig að eflingu kennslu á háskólastigi sem tengist verslun. Markmið Rannsóknasetursins er að auka fagmennsku í verslun og styrkja samkeppnishæfni verslunar-fyrirtækja í landinu.



**RANNSÓKNASETUR
VERSLUNARINNAR**